

98. fundur stjórnar FnS haldinn í lðu, Selfossi, 28. mars 2012 kl. 16.30

Mætt: Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð, Þór Hreinsson, Magðalena Jónsdóttir, Gunnar Bragi Þorsteinsson og Arna Ír Gunnarsdóttir, í forföllum Ingvars Péturs Guðbjörnssonar. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Þjónustusamningur milli Fræðslunets Suðurlands ses. og Fjölmenntar, símenntunar og þekkingarmiðstöðvar ses.

Framkv.stj. kynnti samninginn, sem stjórnarmenn áður höfðu fengið sendan í drögum til yfirlstrar. Samningurinn byggir á því hlutverki Fjölmenntar að bjóða fötluðu fólki, 20 ára og eldra, fjölbreytta símenntun að loknu formlegu námi í skólakerfinu. Framkv.stj. kynnti einnig kostnaðaráætlun, sem er hluti samningsins. Stjórn samþykkir samninginn eins og hann liggur fyrir og lýsir yfir ánægju með samstarfið við Fjölmennt. Um er að ræða stórt og krefjandi nýtt verkefni fyrir Fræðslunetið, sem það hlakkar til að takast á við.

Fulltrúar FnS og Fjölmenntar hafa þegar fundað með aðilum á Sólheimum og á Selfossi um þær breytingar sem í vændum eru í kjölfar samningsins. Það voru upplýsandi og góðir fundir um málið.

2. Undirritun þjónustusamnings milli FnS og Fjölmenntar, skv. lið 1.

Fulltrúar Fjölmenntar komu á fundinn og Bjarni Kristjánsson, formaður stjórnar Fjölmenntar, og Gylfi Þorkelsson stjórnarformaður FnS, undirrituðu samninginn.

Fundi slitið kl. 17.45.